

Upplýsingar fyrir upplýsta ákvörðun

Hvaða atriði skipta máli við val á ávöxtunarleið fyrir lífeyrissparnað? Hvað á að skoða?
Hvaða upplýsingar eru aðgengilegar um ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins?

Val á ávöxtunarleið er ein mikilvægasta ákvörðunin sem þarf að taka varðandi lífeyrissparnað. Sá sem sparar til lengri tíma getur aldrei verið viss um hvaða ávöxtun hann fær því sparnaði fylgir alltaf áhætta. Markaðsáhætta er hættan á að tapa á sveiflum á verði eigna og verðbréfa. Skuldaraáhætta er hættan á að eignir ryrni eða tapist vegna gjaldþrots eða greiðsluferfiðleika útgefenda. Það er ekki hægt að útiloka áhættu en yfirleitt geta sparifjáreigendur þó stýrt henni með því að velja fjárfestingarstefnu út frá áhættuþoli sem ræðst mest af sparnaðartíma. Fjárfestar geta til dæmis valið að draga úr markaðsáhættu með því að velja ávöxtunarleiðir sem að öðru jöfnu sveiflast lítið en gefa þá minni ávöxtun.

Lífeyrissparnaður er í eðli sínu langtímasparnaður og er einstaklingum ráðlagt að velja sér ávöxtunarleiðir með hliðsjón af því. Söguleg ávöxtun á mörkuðum og fjármálafræði hafa sýnt að á löngum tíma skila þær ávöxtunarleiðir hæstu ávöxtuninni sem sveiflast mest. Þeir sem hafa langan sparnaðartíma geta leyft sér að velja ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum með langan meðaltíma og notið þannig hærri langtímaávöxtunar gegn því að taka á sig meiri sveiflur til skamms tíma. Þrátt fyrir að sagan sýni yfirburði hlutabréfa löngum tíma þurfa fjárfestar að hafa í huga að markaðir eru óútreiknanlegir og stundum geta komið mjög löng tímabil þar sem hlutabréf skila lægri ávöxtun en skuldabréf. Þegar starfslok nálgast er mikilvægt að fara yfir eignasamsetningu lífeyrissparnaðar. Á eftirlaunaárunum er markmiðið ekki að fá hæstu ávöxtun, heldur að draga úr sveiflum og fá jafna og stöðuga ávöxtun. Því markmiði er hægt að ná með því að geyma stærstan hluta sparnaðarins í stuttum skuldabréfum og á innlánsreikningum.

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað vegna áhættudreifingar. Ráðlegt er að fjárfesta í mörgum eignaflokkum (innlánnum, skuldabréfum, hlutabréfum) sem hafa ólíka eiginleika til að dreifa áhættu. Ríkisskuldabréf ættu alltaf að vera hluti af langtímasparnaði þar sem þau draga úr skuldaraáhættu. Gott er að geyma hluta sparnaðar á innlánsreikningum en kosturinn við þá er að höfuðstóll sveiflast ekki eftir markaðsaðstæðum eða við vaxtabreytingar. Eftir því sem sparnaður í innlánnum eykst ættu einstaklingar þó að huga sérstaklega að innlánstryggingum og dreifa fjárfestingum á margar innlánsstofnanir.

Til að bera saman ávöxtunarleiðir er nauðsynlegt að hafa upplýsingar til að veita og meta hvaða leið hentar með tilliti til sparnaðartíma og áhættuþols. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur metnað sinn í að veita upplýsingar sem hjálpa sjóðfélögum að velja ávöxtunarleið. Með nýrri heimasíðu sem fór í loftið í byrjun desember 2017 bættust við upplýsingar sem eiga að hjálpa sjóðfélögum að taka upplýsta ákvörðun. Upplýsingarnar eru annað hvort settar fram á upplýsingasíðum eða á prentformi (pdf). Upplýsingasíður eru lifandi vefsíður sem eru beintengdar við gagnagrunn og uppfærast sjálfkrafa þegar nýjar tölur berast. Upplýsingar á prentformi eru hugsaðar til útprintunar á pappír en auðvitað er hægt að lesa þær af skjá einnig.



Upplýsingasíða á vefformi

Lifandi upplýsingar sóttar úr gagnagrunni. Texti er reglulega yfirfarinn og uppfærður.



Upplýsingar á prentformi

Mánaðarleg upplýsingablöð, ársreikningur, o.fl.

Á heimasíðunni er annars vegar að finna upplýsingar um stakar ávöxtunarleiðir og hins vegar samanburð á ávöxtun og gengisþróun allra ávöxtunarleiða. Á upplýsingasíðum um stakar ávöxtunarleiðir er að finna almennan texta um viðkomandi leið, upplýsingar um gengisþróun, núverandi eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu, nafnávöxtun nú og í fortíð, helstu kennitölur og hlekkir á upplýsingablað ávöxtunarleiðar, greiningu eigna (upplýsingar um útgefendur og vægi þeirra) og fjárfestingarstefnu. Á samanburðarsíðum eru upplýsingar um ávöxtun, gengisþróun og flökt fyrir allar ávöxtunarleiðir. Samanburður dregur fram mismun á ávöxtunarleiðum og hjálpar lesanda þannig að átta sig betur á fjárfestingarstefnu og eðli einstakra ávöxtunarleiða.

Verðbréf hækka og lækka í verði og endanleg ávöxtun ræðst af verðbreytingu frá kaupdegi til söludags. Vextir á bankareikningum breytast og endanleg ávöxtun innstæðna ræðst af vaxtastigi og verðbólgu á sparnaðartíma. Í þessari grein er að finna yfirlit um upplýsingar um ávöxtunarleiðir á heimasíðu Almenna lífeyrissjóðsins flokkaðar eftir tíðni uppfærslu. Lesendur geta smeltt á hlekkir í efnisyfirlitinu fyrir neðan til að lesa um viðeigandi upplýsingar og hvernig þær nýtast til að greina og bera saman ávöxtunarleiðir. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér upplýsingarnar og hafa samband við ráðgjafa sjóðsins ef þeir óska eftir skýringum eða leiðbeiningum.

Efnisyfirlit:

- [🔗 Daglegar upplýsingar](#)
- [🔗 Mánaðarlegar upplýsingar](#)
- [🔗 Einu sinni til tvisvar á ári](#)
- [» Áfram](#)

Upplýsingar sem tengjast gengi sjóðsins uppfærast daglega þegar nýtt gengi fyrir ávöxtunarleiðir er reiknað venjulega um 11 leytið á morgnana. Sjá [nánar](#) um gengi og ávöxtun. Taflan sýnir yfirlit um daglegar upplýsingar og gagnsemi þeirra fyrir notendur. Með því að smella á nánari upplýsingar er hægt að lesa meira um hvern efnisflokk og sjá sýnishorn af töflum og myndum á heimasíðu. Ef notandi smellir á >> færast lesandi yfir á næsta efnisflokk.

Upplýsingar	Hvar	Lýsing	Til hvers
Daglegt gengi og ávöxtun <i>Nánari upplýsingar</i>		Nýjasta gengi ávöxtunarleiða og reiknuð nafnávöxtun frá áramótum, sl. 1, 3, 5 ár og frá stofnun. Nafnávöxtun fyrir lengra tímabil en 1 ár eru á ársgrundvelli.	Gengið er notað til að reikna inneign, breytingar á gengi segir til um ávöxtun frá einum tíma til annars.
Ávöxtun á mismunandi tímabilum <i>Nánari upplýsingar</i>		Upplýsingar um nafnávöxtun einstakrar ávöxtunarleiðar á mismunandi tímabilum og bestu og verstu tímabil. Hægt að velja mismunandi langan ávöxtunartíma.	Fylgjast með ávöxtun og sveiflum í ávöxtun. Gefur vísbendingu um hvað leið hentar fyrir langan sparnaðartíma. Sýnir einnig hvernig sveiflur minnka þegar sparnaðartími lengist.
Gengisþróun <i>Nánari upplýsingar</i>		Þróun gengis hjá einstökum ávöxtunarleiðum eða fleirum.	Vísbending um sveiflur í ávöxtun. Samanburður er gagnlegur til að átta sig á mismun á milli ávöxtunarleiða m.t.t. sparnaðartíma.
Sveiflur í ávöxtun <i>Nánari upplýsingar</i>		Upplýsingar um meðalávöxtun, staðalfrávik meðalávöxtunar, hæstu og lægstu ávöxtun á tímabili.	Sveiflur í ávöxtun í fortíð. Gagnlegt til að bera saman ávöxtunarleiðir og velja leið m.t.t. sparnaðartíma.
Upplýsingar um gengi <i>Nánari upplýsingar</i>		Upplýsingar fyrir einstakar ávöxtunarleiðir um gengi dagsins, breytingu frá áramótum og sl. fimm ár, staðalfrávik og 5% virði í húfi.	Upplýsingar um gengi og gengisbreytingar sl. 5 ár. Staðalfrávik og virði í húfi eru mælikvarðar á sveiflur í ávöxtun.



Almenni hefur frá árinu 1998 reiknað daglegt gengi fyrir ávöxtunarleiðir og birt á heimasíðu sjóðsins. Gengið er notað til að reikna inneign sjóðfélaga í krónum en með innborgunum í sjóðinn eignast sjóðfélagar einingar og er daglegt gengi mælikvarði á verðmæti einnar einingar. Skráning á daglegu gengi myndar gengissögu yfir lengri tímabil sem er notuð til að reikna ávöxtun frá einum tíma til annars auk þess að gefa vísbendingu um sveiflur í ávöxtun (gengissveiflur) til að meta markaðsáhættu viðkomandi ávöxtunarleiðar.

Daglegar ávöxtunartölur eru reiknaðar sem nafnávöxtun en með því er átt við breytingu á verðmæti frá einum tíma til annars (upphafi til loka tímabils) án tillits til verðlagsþróunar á sama tímabili. Íslendingum er hins vegar tamt að tala um raunávöxtun sem mælir verðmætaaukningu umfram verðlagsþróun. Margir hafa spurt af hverju sjóðurinn reiknar ekki daglega raunávöxtun en það er ekki hægt þar sem verðlagsvísitala er einungis reiknuð og birt mánaðarlega.

Nafnávöxtun er reiknuð daglega frá áramótum, síðastliðin 1, 3, og 5 ár, og frá stofnun. Ávöxtun er reiknuð með því að deila lokagengi með upphafsgengi. Til að gera ávöxtunartölur samanburðarhæfar er nafnávöxtun fyrir lengra tímabil en eitt ár reiknuð á ársgrundvelli með því að setja heildarávöxtun í veldið eitt ár deilt með fjölda ára. Fyrir lengri tímabil en eitt ár þýða ávöxtunartölur á ársgrundvelli ávöxtun á ári að jafnaði á tímabilinu.

Blönduð söfn	Gengi		Nafnávöxtun (%)				
	Sveiflur	Gengi	Frá áram.	1 ár	3 ár	5 ár	Frá stofnun
Samtryggingarsjóður	■■■■■	4.170,4	8,7	9,1	6,8	7,2	7,4*
Ævisafn I	■■■■■	3.448,1	9,3	9,5	5,4	6,9	6,6
Ævisafn II	■■■■■	4.152,6	9,0	9,2	6,0	6,9	7,4
Ævisafn III	■■■■■	3.142,4	6,7	6,9	5,9	5,8	6,1

Aðrar ávöxtunarleiðir (ríkissöfn, Húsnæðissafn og Innlánasafn) birtast fyrir neðan.

Gagnvirkni: Hægt er að velja mismunandi dagsetningu en taflan sækir þá gengi þess dags og uppfærir ávöxtunartölur.

Notandi getur fylgst daglega með gengi og ávöxtun. Taflan uppfærir þegar nýtt gengi hefur verið reiknað.

[Skoða á heimasíðu.](#)



Ávöxtun er síbreytileg þar sem verðbréf hækka og lækka stöðugt í verði. Fyrri tafla um gengi og ávöxtun sýndi ávöxtun á einum tímapunkti en á upplýsingasíðu hverrar ávöxtunarleiðar er önnur mynd sem sýnir ávöxtun á mismunandi tímabilum eða þróunar ávöxtunar síðustu fimm ár. Notandi hefur val um lengd tímabils sem ávöxtun er mæld og getur valið á milli eins, þriggja, fimm og tíu ára ávöxtunar. Hver súla sýnir ávöxtun á tímabili á ársgrundvelli á hverjum tímapunkti miðað við lengd tímabils sem valið er. Þegar bendill er dreginn yfir súlu birtist texti sem sýnir tímabilið sem hún stendur fyrir.

Með því að bera saman ávöxtun mismunandi tímabila kemur vel í ljós að markaðsáhætta og sveiflur í ávöxtun minnka með lengri sparnaðartíma. Í sjálfu sér má segja að mynd sem sýnir eins árs ávöxtun sé marklaus þar sem flestir eða allir sjóðfélagar ávaxta inneign í sjóðnum í mun lengri tíma. Það er hins vegar gagnlegt að sjá hvernig ávöxtun sveiflast til skamms tíma og jafnast svo út á lengri tíma.


Sveiflur minnka með lengri sparnaðartíma

[Skoða á heimasíðu](#)

Eins árs ávöxtun Ævisafns II síðastliðin fimm ár – miklar sveiflur

Hver súla sýnir ávöxtun á ári á hverjum tímapunkti miðað við lengd tímabils sem valið er.

Lengd tímabila: **1 ÁR** 3 ÁR 5 ÁR 10 ÁR



Tíu ára ávöxtun Ævisafns II síðastliðin fimm ár – litlar sveiflur



Gagnvirgni: Notandi getur skoðað ávöxtun fyrir mismunandi löng tímabil og valið eins, þriggja, fimm og tíu ára ávöxtun. Með því að færa bendil yfir súlu birtist texti sem sýnir tímabil og ávöxtun.



Með gengissögu er hægt að teikna gengisþróun sem sýnir hvernig verðmæti einingar breytist á tímabili. Sjón er sögu ríkari en mynd af gengisþróun dregur vel fram að eignir geta bæði hækkað og lækkað en breytingarnar eru mismunandi miklar eftir eignaflokkum eða undirliggjandi eignum ávöxtunarleiða. Samanburður á gengisþróun tveggja eða fleiri ávöxtunarleiða sýnir ágætlega mismun á sveiflum eða markaðsáhættu.

Næsta mynd sýnir samanburð á gengisþróun Ævisafns I, Ævisafns III og Innlánasafns sl. 5 ár. Myndin dregur vel fram áhrif fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiða sem birtist í mismunandi sveiflum á gengi. Einnig má sjá að ávöxtunarleiðir sem sveifluðust mest hækkuðu líka mest á tímabilinu. Sú þróun er í takt við reynslu á verðbréfamarkaði en það þarf þó ekki að vera algilt því það geta alltaf komið tímabil, mismunandi löng, með óvenjulegri gengisþróun og ávöxtun.




Verðbréf hækka og lækka stöðugt í verði og endanleg ávöxtun ræðst af hækkun frá kaupdegi til söludags. Markaðsáhætta er hættan á að tapa á sveiflum á verði eigna og verðbréfa. Áhættan minnkar eftir því sem sparnaðartími er lengri því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.

Á samanburðarsíðum er að finna tvær myndir sem sýna upplýsingar um sveiflur í fortíð fyrir mismunandi löng sparnaðartímabil. Á myndunum eru upplýsingar um meðalávöxtun, staðalfrávik meðalávöxtunar og hæstu og lægstu ávöxtun á tímabili.

Staðalfrávik er tölfræðilegur mælikvarði á sveiflur og segir til um hvað talnaröð viku að jafnaði mikið frá meðaltali. Staðalfrávik er oft notað sem mælikvarði á markaðsáhattu verðbréfa eða verðbréfasafna. Kennitalan mælir sveiflur, því meira sem ávöxtun sveiflast í kringum meðalávöxtun á tímabili, því meiri markaðsáhætta fylgir viðkomandi verðbréfi eða verðbréfasafni. Verðbréf, þar sem ávöxtun sveiflast lítið í kringum meðalávöxtun, eru talin tiltölulega áhættulítill og ávöxtun nokkuð fjárfjáanleg. Verðbréf, þar sem verð og þar með ávöxtun sveiflast mikið, eru áhættumeiri. Áhætta þarf ekki að vera slæm, því herra staðalfrávik því hærri getur ávöxtunin orðið en hún getur líka verið lægri. Þeir sem ætla ekki að nota sparnaðinn sinn fyrir en eftir langan tíma geta valið ávöxtunarleiðir með hátt staðalfrávik til skamms tíma þar sem frávikid lækkar að jafnaði eftir því sparnaðartíminn er lengri.

Ef talnaröð er normaldreifð dreifast einstök gildi innan eins staðalfráviks, fyrir ofan eða neðan, í 68% tilvika. Gildin dreifast hins vegar innan tveggja staðalfrávika í 95% tilvika. Sem dæmi má nefna að ef verðbréf með þriggja ára meðalávöxtunina 7% og staðalfrávik 5%, má gera ráð fyrir því að ávöxtun verði á bilinu 2% til 12% í 68% tilvika en á bilinu -3% til 17% í 95% tilvika á bilinu. Að sama skapi má búast við að ávöxtunin verði lægri en -3% eða hærri en 17% í 5% tilvika.



Neðst á upplýsingasíðum um einstakar ávöxtunarleiðir er að finna daglega samantekt um gengi og breytingar á gengi fimm ár aftur í tímann. Í töflunni eru upplýsingar um núverandi gengi, hæstu og lægstu ávöxtun, nafnávöxtun á ári á tímabilinu, staðalfrávik meðalávöxtunar og virði í húfi. Taflan er góð heimild um afkomu ávöxtunarleiðar fimm ár aftur í tímann og sveiflur í ávöxtun á tímabilinu.

Staðalfrávik mælir sveiflur frá meðalávöxtun. Lágt staðalfrávik gefur til kynna að ávöxtun sé yfirleitt nálægt meðaltali en hátt staðalfrávik segir ávöxtun sé sveiflukennda.

Með virði í húfi (VaR) er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. Fimm prósent virði í húfi (5% VaR) þýðir að á einum mánuði á ákveðnu tímabili eru 5% líkur að safn muni falla í verði um x% eða meira.




Samantekt um gengi og gengisþróun		Samandregnar upplýsingar um gengisþróun síðastliðin fimm ár. <i>Skoða á heimasíðu.</i>
Upplýsingar um gengi	16. janúar 2018	
Gengi	4.215,2	
Breyting frá áramótum	1,1%	
Nafnávöxtun á ársgrundvelli sl. 5 ár	6,7%	
Lægsta nafnávöxtun á ársgrundvelli sl. 5 ár	-2,5%	
Hæsta nafnávöxtun á ársgrundvelli sl. 5 ár	16,7%	
Staðalfrávik árlegrar nafnávöxtunar sl. 5 ár	5,0%	
5 % VaR (mán.tímabil) sl. 5 ár	-1,8%	



Mánaðarlegar upplýsingar

 Efnisyfirlit

Mánaðarlegar upplýsingar eru yfirleitt uppfærðar í annarri viku mánaðar eða í framhaldi af afstemmingum og uppgjöri í bókhaldi sjóðsins. Hluti af upplýsingunum birtist á prentformi á svokölluðum upplýsingablöðum.

Upplýsingar	Hvar	Lýsing	Til hvers
Mánaðarlegt upplýsingablað <i>Nánari upplýsingar</i>		Almennar upplýsingar Ábendingar sjóðstjóra Nafn og raunávöxtun Eignasamsetning Tíu stærstu útgefendur skulda- og hlutabréfa Landaskipting erlendra eigna	Fyrir þá sem vilja fylgjast með og lesa mánaðarlegar samantektir um helstu kennitölur, ávöxtun (nafn og raun), eignasamsetningu, helstu útgefendur, gengisþróun, landaskiptingu erlendra eigna o.fl. Upplýsingablöðin nýtast vel til að meta vænta ávöxtun og sveiflur.
Eignir og fjárfestingarstefna <i>Nánari upplýsingar</i>		Upplýsingar um núverandi eignir (vægi eignaflokka) og samanburður við fjárfestingarstefnu (markmið og vikmörk).	Góð vísbending um vænta ávöxtun, markaðsáhættu og skuldaraáhættu.
Helstu kennitölur <i>Nánari upplýsingar</i>		Upplýsingar um stærð, fjölda sjóðfélaga, meðaltíma skuldabréfa, verðtryggingarhlutfall skuldabréfa og Sharpe hlutfall ávöxtunar.	Upplýsingar um fjölda og stærð segja til um vinsældir. Meðaltími, verðtryggingarhlutfall og Sharpe hlutfall eru mælikvarðar á markaðsáhættu.



Markmiðið með upplýsingablöðunum er að safna saman á einu blaði helstu upplýsingum um einstakar ávöxtunarleiðir og setja fram á prentvænu formi. Helstu efnisatriði eru eftirfarandi:

Fyrir hverja	Ábendingar um skuldara og markaðsáhættu og fyrir hverja safnið hentar.
Um safnið	Stutt lýsing á safni, markmiðum og fjárfestingarstefnu.
Orðsending sjóðstjóra	Stuttur texti frá sjóðstjóra um þróun á liðnum mánuðum og markaðsaðstæður.
Upplýsingar	Stofndagur, stærð, fjöldi sjóðfélaga og áætlaður rekstrarkostnaður.
Kennitölur og tölfræði	Nokkrar kennitölur um eignir og ávöxtun. Á bakhlið er að finna útskýringu í orðum á kennitölunum.
Eignasamsetning Ávöxtun	Stærstu eignaflokkar og vægi þeirra um nýliðin mánaðarmót. Nafn- og raunávöxtun frá áramótum, sl. 1, 3, 5, 10 ár og frá stofnun.
Fjárfestingarstefna	Markmið um vægi eignaflokka og heimiluð vikið til að víkja frá þeim.
10 stærstu útgefendur	Nöfn og vægi tíu stærstu útgefenda skuldabréfa og hlutabréfa.
Gengisþróun	Mynd sem sýnir gengisþróun í langan og stuttan tíma.
Landaskipting erlendra eigna	Vægi landa af eignum og samanburður við heimsvísitölu hlutabréfa.



Allar helstu upplýsingar á einu blaði



Upplýsingablöð

- Um safnið
- Orðsending sjóðstjóra
- Helstu kennitölur
- Nafn- og raunávöxtun
- Fjárfestingarstefna
- Eignasamsetning
- 10 stærstu útgefendur
- Gengisþróun
- Landaskipting erl. eigna
- Og fleira.

Eignasamsetning

Ávöxtun, %

Stærstu eignaflokkar	Eign	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Innlend skuldabréf	54,2%	Frá áramótum	5,7%
Innlend hlutabréf	11,0%	Sl. 1 ár	7,8%
Erlend verðbréf	32,4%	Sl. 3 ár	6,2%
Erlend skuldabréf	1,6%	Sl. 5 ár	6,8%
Innlán	0,8%	Sl. 10 ár	5,1%
Samtals:	100,0%	Frá stofnun	8,5%
			4,1%

Ávöxtun er á ársgrundvelli fyrir tímabil lengra en 1 ár

10 Stærstu útgefendur

Skuldabréf	Vægi	Hlutabréf	Vægi
Ísland - ríkisskuldabréf	24,1%	Marel hf.	2,1%
Sjóðfélagalán	15,8%	Eik fasteignafélag hf.	1,6%
Reykjavík	3,1%	N1 hf.	0,8%
Lánasjóður sveitarfélaga	1,4%	Ícelandair Group hf.	0,8%
Arion banki, sértryggt skbr.	1,2%	Apple Inc	0,6%
Íslandsbanki, sértryggt skbr.	1,2%	Össur hf.	0,6%
Landsvirkjun	0,7%	Microsoft Corp	0,6%
Bandaríkin - ríkisskuldabréf	0,7%	Jarðvarmi slhf.	0,6%
Landsbankinn, sértryggt skbr.	0,6%	SF V slhf.	0,5%
EIK Fasteignafélag	0,5%	Eimskipafélag Íslands hf.	0,4%

Fjöldi útgefenda: ~um 150

Fjöldi fyrirtækja: ~um 1690

Á upplýsingablöðum eru meðal annars ítarlegar upplýsingar um eignasamsetningu með ítarefni um 10 stærstu útgefendur skuldabréfa og hlutabréfa. Hér eru einnig upplýsingar um raunávöxtun sem er eingöngu hægt að reikna mánaðarlega þegar Hagstofan hefur reiknað og gefið út vísitölu neysluverðs. [Skoða á heimasíðu.](#)



Eignir og fjárfestingarstefna


🔗 [Mánaðarlegar upplýsingar](#)
🔗 [Efnisyfirlit](#)

Á heimasíðu er mynd á upplýsingasíðum fyrir blönduð verðbréfasöfn (samtryggingarsjóður, Ævisafn I, II og III) sem sýnir vægi helstu eignaflokka, markmið um vægi í fjárfestingarstefnu og heimiluð vikmörk til að víkja frá stefnunni. Myndin er gagnleg til að átta sig hvort eignir hverju sinni séu í takt við fjárfestingarstefnu sem er gefin út einu sinni á ári í byrjun desember.

Í [fjárfestingarstefnu](#) koma fram markmið um vægi eignaflokka og vikmörk sem sjóðirnir geta nýtt sér til að víkja frá stefnu í takt við markaðsaðstæður hverju sinni. Til lengri tíma er eðlilegt og æskilegt að eignir séu í takt við markmið um stefnu en aðstæður geta þó valdið því að eignirnar víki frá stefnunni í skemmri eða lengri tíma. Til skamms tíma geta eignir til að mynda vikið frá stefnu vegna verðbreytinga eða sveiflna á mörkuðum. Erlendar eignir í íslenskum krónum sveiflast til dæmis mjög mikið vegna verðbreytinga á undirliggjandi eignum en sveiflna á gengi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Einnig er mögulegt að sjóðstjórar nýti vikmörk til að víkja tímabundið frá stefnu vegna markaðsaðstæðna.

Sem dæmi um frávik til lengri tíma má nefna að Almenni hélt óbreyttri stefnu um erlendar eignir þrátt fyrir gjaldeyrishöft á árunum 2009 til 2017. Sjóðurinn leit svo á að höftin væru tímabundin og taldi eðlilegt að í fjárfestingarstefnu til lengri tíma væri stefnt að áhættudreifingu með því að fjárfesta erlendis og dreifa eignum á fjölda útgefenda, atvinnugreina og landa. Það er helsta skýringin á að frávikum í núverandi eignum frá stefnu. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins 2018 kemur fram að sjóðurinn áætlað að erlendar eignir verði í takt við fjárfestingarstefnu eftir 4 til 6 ár.

Eignir og fjárfestingarstefna



Gagnvirkni: Notandi getur valið að sjá eingöngu upplýsingar um eignir eða fjárfestingarstefnu með því að smella á viðeigandi svæði.

Myndin sýnir samanburð á núverandi eignum og fjárfestingarstefnu safns. Súlan sýnir vægi eigna, strikin sýna heimilar fjárfestingar samkvæmt stefnu (vikmörk) en lárétta appelsínugula línan sýnir markmið um vægi eignaflokks til lengri tíma.

Skoða á heimasíðu.



Neðst á upplýsingasíðum um einstakar ávöxtunarleiðir er að finna mánaðarlega samantekt á kennitölum um ávöxtunarleiðir. Hér eru annars vegar upplýsingar um umfang og hins vegar kennitölur sem gefa vísbendingu um markaðsáhættu.

Mánaðarlega eru uppfærðar upplýsingar um stærð ávöxtunarleiðar í krónum og fjölda sjóðfélaga sem eiga inneign. Þessar upplýsingar eru gagnlegar og gefa vísbendingu um vinsældir og notkun ávöxtunarleiða. Stærð er styrkur en rétt er að vekja athygli á að allar ávöxtunarleiðir bera sama rekstrarkostnað óháð stærð þar sem þær fjárfesta í eignasöfnum sem fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Dæmi um þetta eru erlend verðbréf sem eru í sérstöku eignasafni sem ávöxtunarleiðir eiga mismunandi stóran hluta í.

Meðaltími skuldabréfa er sá tími sem höfuðstóll skuldabréfa er að jafnaði bundinn og er oft notaður sem mælikvarði á verðnæmni þeirra ef vextir breytast. Þannig er hægt að áætla breytingu á verði skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með fimm ára meðaltíma hækkar um nálægt 0,5% ef vextir lækka um 0,1 prósentustig og öfugt.

Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa segir til um vægi verðtryggðra skuldabréfa af skuldabréfaeign ávöxtunarleiðar. Höfuðstóll verðtryggðra skuldabréfa breytist með breytingum á vísitölu neysluverðs og því segir hlutfallið til um næmni skuldabréfa á almennar verðlagsbreytingar.

Sharpe hlutfall er skilgreint sem meðalávöxtun safns/leiðar umfram áhættulausa vexti í hlutfalli af staðalfrávikni meðalávöxtunar. Með áhættulausum vöxtum er átt við vexti sem hægt er að fá með sem lítilli áhættu, til dæmis með því að kaupa ríkisvísla. Við útreikning á Sharpe hlutfalli eru áhættulausir vextir dregnir frá ávöxtun til að draga fram ávöxtun vegna áhættu, hafi söguleg meðalávöxtun safns verið jöfn áhættulausum vöxtum er Sharpe hlutfallið nákvæmlega núll. Almennt má segja að jákvætt Sharpe hlutfall er vísbending á ávöxtun umfram áhættulausa vexti í hlutfalli af áhættu. Við útreikning á Sharpe hlutfalli hjá ávöxtunarleiðum Almenna eru stýrivextir Seðlabanka Íslands notaðir sem áhættulausir vextir.

Samantekt á mánaðarlegum kennitölum



Kennitölur	16. janúar 2018
Fjöldi sjóðfélaga	14.228
Heildarstærð	51.049 m. kr.
Meðaltími skuldabréfa	9,6 ár
Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa	90,4%
Sharpe hlutfall ávöxtunar sl. 5 ár	0,3

Mánaðarlegar kennitölur veita upplýsingar um stærð og notkun ávöxtunarleiða, um verðnæmni vegna vaxta- og verðlagsbreytinga og um ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.
[Skoða á heimasíðu.](#)



Tvisvar á ári eru uppfærðar upplýsingar um alla útgefendur verðbréfa í eigu einstakra ávöxtunarleiða sem veða 0,1% eða meira. Þetta eru gagnlegar upplýsingar til að meta áhættudreifingu og skuldaraáhættu einstakra ávöxtunarleiða. Í fjárfestingarstefnu er að finna viðmiðanir um fjárhagslegan styrkleika og aðrar kennitölur sem sjóðurinn hefur til hliðsjónar við val verðbréfum til að draga úr skuldara- og mótaðilaáhættu. Þegar kemur að því að kaupa verðbréf kannar sjóðurinn hvort útgefendur standast viðmiðin. Sjóðurinn fylgist einnig með rekstri og afkomu útgefenda og metur hvort þurfi að grípa til ráðstafana ef fjárhaglegur styrkleiki vikir frá viðmiðunum.

Sjóðurinn gefur út ársreikning einu sinni á ári sem skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt uppgjorsreglunum veita sjóðir mjög ítarlegar upplýsingar um rekstur, afkomu, eignir og skuldbindingar. Auk þess birtir sjóðurinn yfirlit um starfsemi sjóðsins með ársreikningi með ítarefni um rekstur og starfsemi, eignir og skuldbindingar. Ársreikningur er fyrir þá sem vilja kafa djúpt og kynna sér upplýsingar um sjóðinn og einstakar ávöxtunarleiðir hans.

Upplýsingar	Hvar	Lýsing	Til hvers
Greining eigna (2 x á ári) Skoða á heimasíðu.		Upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem veða 0,1% og meira.	Til að meta áhættudreifingu og skuldaraáhættu ávöxtunarleiða.
Ársreikningur (1 x á ári) Skoða á heimasíðu.		Ársreikningur lífeyrissjóðs brotinn niður á deildir. Sýnir yfirlit um breytingu á hreinni eign á liðnu ári, efnahagsreikning, sjóðstreymi og ítarlegar skýringar. Með ársreikningi fylgja ítarlegt yfirlit um starfsemi sjóðsins og eignir ávöxtunarleiða.	Fyrir þá sem vilja virkilega skoða upplýsingar um afkomu, eignir og áhættu í söfnum.